

REGLUGERÐ

um holræsagerð í Mosfellshreppi.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, er þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frosts, sem hreppsnefnd setur, getur hún látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem aðalholræsi hreppsins varða, svo sem viðhald, endurbætur og umsjón alla annast hreppsnefnd eða maður, sem hún felur það. Þóknun fyrir þau störf og einnig fyrir reikningshald eða annað vegna holræsagerðarinnar ákveður hreppsnefnd.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi ofangreindra aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrimælum þeirra um gerð og legu ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður við holræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til þess að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að, eða í námunda við götu veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalræsi, er nemur 0.2% af fasteignamati hússins, en þó ekki lægra en kr. 750.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 375.00 fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina.

Nú eru hús sambyggð, en aðskilin með brunagöflum og telst þá sérstakt hús sá hluti sem er á milli brunagafla. Ef fleiri íbúðir en ein eru í húsi og íbúðir séreign, skal heildarupphæð tengigjaldsins skiptast milli eigenda íbúðanna hlutfallslega, eftir tölu íbúðanna sem þeir eiga.

Auk tengigjald greiði hver húseigandi árlega holræsagjald til hreppsins 0.15% of fasteignamati húsanna, en þó ekki lægra en kr. 900.00 miðað við hús með einni íbúð og hækkar gjaldið um kr. 450.00 fyrir hverja íbúð umfram eina.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Mosfellshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald, sem og tengigjaldið, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

5. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu tengigjalds og holræsagjalds gagnvart hreppsnefnd. Kröfur, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkv. 1. og 3. gr., má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. jan. ár hvert.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.